

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík, og VesturVerk, kt. 641088-1379, Suðurgötu 12, 400 Ísafirði, gera með sér eftirfarandi

## S A M N I N G

**um tímabundið veghald Ófeigsfjarðarvegar, sbr. 2. mgr. 14. gr. vegalaga nr. 80/2007.**

### Formáli

VesturVerk ehf. vinnur að undirbúningi virkjunar Hvalár í Ófeigsfirði og er mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar lokið. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt þann 3. apríl 2017. Vegna fyrirhugaðrar virkjunar og þungaumferðar um veginn í tengslum við byggingu hennar er nauðsynlegt að styrkja og breyta Ófeigsfjarðarvegi (649) frá Strandavegi að Hvalá sem er um 20 km langur. Vegur þessi er landsvegur sem er einn flokkur þjóðvega. Á vegum í þeim flokki er yfirleitt einungis gert ráð fyrir árstíðabundinni umferð og minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

### 1. gr.

#### Tímabundið framsal veghalds

VesturVerk ehf. tekur tímabundið við veghaldi Ófeigsfjarðarvegar (649) og öllu sem í því felst, sbr. 2. mgr. 14. gr. vegalaga nr. 80/2007. Skal veghaldið færast yfir frá upphafi framkvæmda en færast aftur til Vegagerðarinnar að liðnum 5 árum frá undirritun samningsins eða við uppsögn samnings þessa.

Verði framkvæmdum ekki lokið að liðnum þeim tíma er heimilt að framlengja samninginn um eitt ár í senn.

Við framsal veghaldsins tekur VesturVerk jafnframt á sig allan kostnað sem til kann að falla vegna veghalds vegarins á samningstíma.

### 1. gr. a.

#### Vegir skulu vera opnir almenningi

VesturVerk ehf. er óheimilt að loka umræddum vegi skv. samningi þessum á samningstíma, enda skulu þjóðvegir opnir öllum almenningi til frjálsrar umferðar, sbr. 1. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007. VesturVerk hyggst og skal sinna snjómokstri og viðhaldi með sama hætti, sama þjónustustigi, og Vegagerðin hefur gert undanfarin ár.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar

Aðilar eru sammála um að miða við eftirfarandi skilgreiningar:

*Vegur:* Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldrei eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

*Veghald:* Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.

*P. Þor  
Gunnarson*

*Veghaldari:* Sá aðili sem hefur veghald vegar.

### 3. gr.

#### Útboð og verkframkvæmdir

VesturVerk sér um að styrkja og breyta Ófeigsfjarðarvegi (649) frá Strandavegi að Hvalá í tengslum við undirbúning og framkvæmdir Hvalárvirkjunar. Vesturverk annast útboð og samninga við verktaka, hefur eftirlit með framkvæmdum, samþykkir verk og framkvæmir lokaúttekt verks. VesturVerk ber allan kostnað af umræddum vegaframkvæmdum og undirbúningi þeirra.

### 4. gr.

#### Hönnun

VesturVerk sér um áætlanagerð, verkhönnun og öflun allra tilskilinna leyfa vegna vegaframkvæmdanna.

### 5. gr.

#### Umferðaröryggismat- og rýni

Frumdrög hönnunar vegar skulu fara í umferðaröryggismat og – rýni samkvæmt reglugerð um öryggisstjórnun mannvirkja, nr. 866/2011, með síðari breytingum og verklagsreglum Vegagerðarinnar nr. 5.5.01 og 5.2.01.

### 6. gr.

#### Framkvæmdaleyfi

VesturVerk skal ekki hefja framkvæmdir fyrr en að útgefið framkvæmdaleyfi liggur fyrir.

### 7. gr.

#### Samningar við landeigendur

VesturVerk skal annast nauðsynlega samninga við landeigendur vegna framkvæmda við Ófeigsfjarðarveg (649). Ef hönnun gerir ráð fyrir að breytingar á vegi fari út fyrir 12 metra breitt vegsvæði, þ.e. 6 metra frá miðlínu vegar til beggja handa skal fylgja ákvæðum VII. kafla vegalaga við samninga við landeigendur.

VesturVerk greiðir allan kostnað vegna samninga við landeigendur þ.m.t. bætur, lögmannsaðstoð og annað sem til fellur í því sambandi.

### 8. gr.

#### Kostnaður

Allur kostnaður vegna veghalds, breytinga, styrkinga og annarra framkvæmda við Ófeigsfjarðarveg ásamt kostnaði við undirbúning framkvæmda, hönnun, rýni, leyfi, samninga og annað sem fellur undir samning þennan greiðist af VesturVerki.

*Fló  
Gunnar*

**9. gr.****Uppsögn**

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

**10. gr.****Varnarþing**

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**11. gr.**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök og skulu aðilar halda einu eintaki hvor um sig. Samningurinn er 3 blaðsíður að lengd.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Staður og dags.

Ísafjörður 19.06.2019

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. VesturVerks ehf.

Páll Þor Sævarson

Gunnar G. Magnússon

Vottar að rétttri dagssetningu, undirritun og fjárræði

Geir Sigurðsson 0112564444

Nafn og kennitala

Aníta Björk Pálinud. 2504973189

Nafn og kennitala